

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 428 9. des. 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

27. janúar 1978.

Nr. 36.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er 8400 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 700 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1978. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 33 18. janúar 1977.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

23. janúar 1978.

Nr. 37.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1975—1995.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 23. janúar 1978 staðfest aðalskipulagsupphrátt fyrir Húsavík 1975—1995.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Húsavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsupphráttur fyrir Húsavík, sem ráðuneytið staðfesti hinn 13. desember 1968, svo og viðbótarskipulagsupphráttur staðfestur af ráðuneytinu 8. júní 1971.

Félagsmélaráðuneytið, 23. janúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.